

Siglingaráð

34. fundur og starfsdagur í Snæfellsbæ

Dags.: 2. september 2022, kl. 09:30 til 18:00 hjá LHG og í Snæfellsbæ

Mættir: Ásta Þorleifsdóttir (innviðaráðuneyti), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Hrefna Karlsdóttir (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda) Eyþór H. Ólafsson (Samtök verslunar og þjónustu).

Forföll: Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór Ármannsson formaður Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og máltæknimanna), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi)

Starfsdagur fagráðs um siglingamál

Þau undur og stórmerki urðu á starfsdegi fagráðs um siglingamál að fimm af ellefu þátttakendum voru konur.

Í upphafi dags mætti hópurn til flugdeildar Landhelgisgæslunnar þar sem Ásgeir Erlendsson bauð hópinn velkominn. Hann kynnti starfseminu með áherslu á öryggi sjófarenda en þar leikur LHG lykilhlutverk m.a. með rekstri vaktstöðvar siglinga, eftirlitsflugi og sérhæfingu í leit og björgun á sjó. Þá var skoðaður þylukostur og flugskýli. Loks var flogið með LHG í æfingaflugi og lent á Arnarstapa. Á leiðinni sáu nokkur skip sem voru skoðuð í Marine traffic. Flughæfni vakti athygli en lent var í strekkingsvindi á Stapa án þess að fyrir því myndist í aðflugi. Næsti viðkomustaður var höfnin á Arnarstapa sem er mikilvæg höfn fyrir öryggi smábáta þar sem engin höfn er frá Akranesi til Rífs, einnig fyrir strandveiðar og hafa mest legið þar 48 bátar innan hafnar. Athygli vakti hversu snyrtilegt var og sjóvörnum haganlega fyrirkomið í friðlandinu, sem og annarri aðstöðu. Þá var haldið á Hótel Búðir þar sem beið hádegisverður í boði Hafna Snæfellsbæjar.

34. Fundur siglingaráðs var haldinn í hádeginu, sjá fundargerð. Að fundi loknum voru skoðaðar hafnirnar í Ólafsvík og á Rífi. Öll aðstaða er þar til fyrirmyndar og dáðist ráðsfólk að listilega gerðum sjóvörnum þar sem einnig er gert ráð fyrir fólki og snildarlegri endurnýtingu á gamalli bryggju sem hefur öðlast nýtt líf sem útsýnispallur. Á Rífi var m.a. skoðuð vel hönnuð og tæknilega búinn aðstaða hafnarvarðar sem að auki fellur vel að umhverfi. Að loknum veitingum á Rífi hélt ráðsfólk heim á leið í hópferðabíl. Birni Arnaldssyni hafnarstjóra í Snæfellsbæ eru þakkaðar einstakar móttökur og fyrir að sýna ráðinu hversu vel fjármunir hafa nýst ekki einungis fyrir skip og sjófarendur heldur einnig landkrabba sem leið eiga hjá.

Fundargerð:

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 33. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Áp bauð fundarmenn velkomna í fjarveru formanns og setti fundinn.

- 1) Fundargerð 33. fundar samþykkt.

2) Lög og reglugerðir

Hafnalög nr.61/2003 verða lögð fram í tvennu lagi og verður hvor hluti kynntur sérstaklega á samráðsgátt, opinn til ábendinga og umsagna.

- a) Í október Frumvarp 1 - EES-reglur Búast má við að drög að frumvarpi verði kynnt á samráðsgátt stjórnvalda á komandi dögum. Frumvarpið er til innleiðingar á reglugerð ESB nr. 2017/352 um að

setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir.

- Í frumvarpinu verða ákvæði sem snúa að höfnum innan samevrópska flutninganetinu (5 hafnir).
- Ákvæðin verða **samráð** við notendur hafna varðandi gjaldtöku og upplýsingaskyldu um breytingar og eðli hafnargjalda. Þá er ákvæði um veitingu hafnarþjónustu.
- Þá er sett heimild, sem nær til allra hafna, um að miða megi gjaldtöku við umhverfisframmistöðu skipa. Þarna opnast möguleiki á að notast annaðhvort við ESI (European Ship Index) eða EPI (European Port Index) staðalinn.
- Reglugerðin verður síðan innleidd að fullu með reglugerð í kjölfar lagabreytinga.
- Gjaldtaka m.a. v. fiskeldis o.fl.

Umræða varð um þennan lið, m.a. kynningu og frekari útfærslu og samræmingu gjalda fyrir þjónustu. Dæmi voru nefnd um að innheimt gjöld td. fyrir þjónustu dráttarbáts (oft skemmtiferðaskipa) væru niðurgreidd með tekjum af annarri og óskildri þjónustu hafna. Þá var rætt um regluverk um þjónustusölu og heimildir hafna til þess að takmarka fjölda aðila.

b) Í nóvember Frumvarp 2 – Önnur ákvæði

- Mun hafa að geyma ákvæði um verkaskiptingu stofnana, rafræna vöktun í höfnum, ákvæði um hafnsögu, gjaldtöku af starfsemi fiskeldis – svokallað eldisgjald.
- Þá eru ákvæði um heimild til að skjóta gjaldskrárákvörðunum til Samgöngustofu og afmörkun hafnarsvæða á sjó til skoðunar. Þá hefur Landhelgisgæslan einnig minnst á skoða beri skyldu þeirra til að greiða hafnargjöld.
- Áætlað er að ræða við hagsmunaaðila í þessum mánuði og kynna drög að frumvarpi á samráðsgátt í október. Áður en það er gert mun gefast tækifæri til að ræða efni frumvarpsins á fundi Siglingaráðs í október.

Nokkur umræða varð um þennan lið m.a. um stækkun hafnarsvæða á sjó, ábyrgðarskiptingar t.d. varðandi mengunarslys. Þá var rætt um eftirlit með skipum, verkaskiptingu milli vinnueftirlits þar sem mikil sérfræðipækking er á slíku eftirlit og hins vegar Samgöngustofu þar sem þekking er frekar á skipin sjálf en ekki aðbúnað svo sem stiga á hafnarköntum, krana og fleira. Reglugerð um öryggi í höfnum þykir vel heppnuð en henni hefur ekki verið fylgt eftir.

Vaktstöð siglinga.

- Mælt var fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga á síðasta þingi en það varð ekki að lögum. Stefnt er að því að mæla fyrir nýju frumvarpi í febrúar.
- Líkt og í fyrra frumvarpi þá verða ákvæði um tilkynningaskyldu farþegaskipa og lagfæringar á lögum.
- Við vinnu á þessu frumvarpi verða ákvæði um skipulag vaktstöðvarinnar tekin til nánari skoðunar.

Breyting á reglugerð 975/2004 um aðbúnað og hvíldartíma sjómanna

Með þessari breytingu er verið að innleiða ILO188 í íslenskan rétt. Með reglugerðinni eru jafnframt innleidd ákvæði tilskipunar ráðsins (ESB) 2017/159 um framkvæmd samningsins um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007, sem gerður var 21. maí 2012 milli Samtaka samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche), sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2021 frá 11. júní 2021. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 49/2021, frá 22. júlí 2021, bls. 164-187.

Eftir er að kynna áhrif þeirrar innleiðingar fyrir hagsmunaaðilum.

3. Ráðstefna á alþjóðasiglingadaginn 29. september með áherslu á grænar lausnir fyrir Umhverfi og öryggi. Dreift var drögum að dagskár og ráðsfólk hvatt til þess að fjölmenn og auglýsa innan sinna hagsmunasamtaka.
4. Staðan á Skútunni og Atvik sjómenn Unnið er að því að koma Atvik sjómenn í loftið. Prófanir á notendaviðmóti eru í gangi.
5. Önnur mál
 - a. Hafnsöguskylda. Páll Ægir vakti athygli á þörfinni fyrir innlenda hafnsögumenn / leiðsögumenn um borð í erlendum skipum, sérstaklega skemmtiferðaskipum en þeim er skylt hafa slíka aðila um borð bæði á Grænlandi og í Noregi. ÁÁ benti á að sjókort hér væru mun betri en á Grænlandi, sama ætti þó ekki við um Noreg. Spurt var hvort til væri nægilegur mannaflí með þekkingu í hafnsögu og góð aðstaða til þess að læra í hermi skipstjórnardeilar í Tækniskólanum. Svo ku vera en engu að síður eru misbrestir. Með þessu fyrirkomu lagi væri m.a. hægt að koma í veg fyrir óheimilar landtökur farþega skemmtiferðarskipa m.a. í friðlöndum og á stöðum þar sem aðstaða er ekki til staðar en útgerðirnar spara sér öll gjöld.

Næsti fundur verður 6. október n.k.

ÁP ritaði fundargerð.